171 sínar samkvæmt 10.—14. grein kosningarlaganna, verði alvarlega ávíttar fyrir þessa
19. des. vanrœkt sína.

Um leið og jeg hjer með samþykki þessar tillögur yðar, herra amtmaður, og skora á yður, að tjá hlutaðeigandi bœjarstjórn og sveitarstjórnum alvarlegar ávítur mínar, vil jeg út af fyrirspurninni í niðurlagi brjefs yðar, geta þess, að viðhafa skuli sakamálameðferð á málum þeim, sem kunna að rísa út af því, að einhver vanrœkir álíkar skyldur og þær, er að framan getur um.

172 — **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **um**
20. des. **sveitarstyrk handa hjúi.** — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 21. febr. þ. á. hefir Mýrahreppur í Skaptafellssýslu verið skyldaður til að endurgjalda Breiðdalshreppi í sömu sýslu þá upphæð, sem eptir rjettum reikningi, úrskurðuðum af hlutaðeigandi amtmanni, hefir verið greidd úr sjóði hins síðarnefnda hrepps, sem styrkur handa Jóni nokkrum Jónssyni. Þurfamaður þessi er fœddur árið 1829 í þeim hluta hins fyrverandi Bjarnanesshrepps, sem nú nefnist Mýrahreppur. og var hann þar sveitlægur, þegar hann vorið 1868 vistaðist í Breiðdalshreppi, og hefir hann síðan verið kyrr í þessum hreppi. Skömmu fyrir jól 1877 var hann af þáverandi húsbónda sínum sendur á annan bœ. Að afloknu erindi sínu lagði hann morguninn eptir á stað heim til sín án þess að neyta annars en kaffis með brauði og 2 staupa af brennivíni. Á leiðinni kom hann við á öðrum bœ, þar sem honum aptur var boðið og hann þáði kaffi með brauði og 2 staup af brennivíni, og loksins fór hann krók á leið sína, til að koma á enn einn bœ, þar sem hann einnig fjekk kaffi og þar að auki hálfan pela af brennivíni. Eptir það lá hann úti um nóttina og kól á fótum og annari hendinni, svo að hann lá fram á sumar, og gat ekki gengið að vinnu, og hefir hann sjálfur skýrt frá því, að hann skammt frá síðasta bœnum, er hann kom við á, hafi fengið aðsvif og verið kalinn, þegar hann raknaði við. Jeg verð að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að eptir því, sem komið hefir fram um, hvernig veður og færð hafi verið dag þann, er Jón fór þá ferð, er hjer rœðir um, og hvernig staðið hafi á ferðinni, sem Jón sjálfur hafði beiðzt leyfis til að fara, geti ekki komið til tals að álíta, að slys það, er Jón varð fyrir, hafi orsakazt af ótilhlýðilegri breytni húsbónda hans, og að hinsvegar lítill efi geti verið um, að helzta ástœðan til slyssins hafi verið sú, að Jón tók það upp hjá sjálfum sjer að leggja krók á leið sína og að þiggja brennivíns-veitingar þær, er honum voru boðnar. Þessi breytni Jóns verð jeg sömuleiðis að vera yður samdóma um, hafi verið svo ótilhýðileg, að hún verður að baka honum ábyrgð samkvæmt 21. grein tilskipunar um vinnuhjú frá 26. jan. 1866, en af því leiðir aptur, að sveitarstjórninni í Breiðdalshreppi var skylt og heimilt að gegna kröfu húsbóndans um endurgjald á fœði, lækningu og hjúkrun handa hjúinu að svo miklu leyti, sem það ekki sjálft hafði efni á að borga þetta, og að Breiðdalshreppur getur heimtað þennan kostnað sinn endurgoldinn af sveit þurfamannsins. Að því leyti er 4 nafngreindir frændur Jóns í næsta hreppi við Mýrahrepp hafa brjeflega boðizt til að endurgjalda legukostnað Jóns, skal það athugað, að dvalarhreppur þurfamanns hefir aðgang að framfœrsluhreppi hans um endurgjald á sveitarstyrk, en það er hinn síðarnefndi hreppur, sem á að fylgja fram kröfu um, að styrkur, er lagður hefir verið þurfamanni úr almennum sjóði, verði endurgoldinn af ættingjum hans.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, skal úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, hafið lagt á þetta mál, óraskaður standa.